



Til allra sveitarstjórna

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími:5458200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 13. apríl 2021
Tilv.: SRN21010106/4.11.3

Með bréfi til allra sveitarfélaga sl. vor var óskað eftir upplýsingum um fjármál einstakra sveitarfélaga í því skyni að fá sem besta mynd af fjárhagslegri stöðu þeirra og í framhaldinu fylgjast náið með framvindunni. Ljóst er að sveitarfélögin voru og eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við þær óvæntu en tímabundnu aðstæður sem þau og samfélagið allt gengur í gegnum en upplýsingar um fjármálin hverju sinni veita góða yfirsýn yfir stöðuna og hjálpa til við að meta hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir nánú samráði um fjármál sveitarfélaga á síðasta ári og var m.a. skipaður starfshópur til að afla upplýsinga og meta þróunina. Skýrsla hópsins sem kom út í lok ágúst sl. benti til þess að heimsfaraldurinn hefði veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaga en með aðgerðum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál var sveitarfélögunum veittur fjárhagslegur stuðningur, sem auk fjölda aðgerða ríkisstjórnarinnar til varnar, verndunar og viðspyrnu fyrir íslenskt samfélag, leiddi til þess að afkoma þeirra á síðasta ári var mun betri en gert var ráð fyrir á fyrri hluta árs.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var því jafnframt lýst yfir að áfram yrði fylgst með þróuninni í fjármálum sveitarfélaga í góðri samvinnu við þau og brugðist yrði við hverju sinni til að tryggja að sveitarfélögin gætu sinnt þeirri mikilvægu nær þjónustu sem þeim er falið að sinna lögum samkvæmt. Ríkisstjórnin myndi áfram standa að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo að starfsemi þeirra raskist ekki um of á komandi mánuðum og misserum.

Til að unnt sé að leggja mat á þróunina mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kalla eftir upplýsingum um stöðu fjármálanna á yfirstandandi ári. Meðal þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi eru fjárhagsáætlanir með viðaukum sem gerðir hafa verið á árinu. Mikilvægt er að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. júní nk.

Ég legg áherslu á gott og náið samráð ríkis og sveitarfélaga um þessi málefni sem önnur og mun tryggja að svo verði áfram. Grundvöllur þess er meðal annars að fyrir liggi haldgóðar upplýsingar sem nýtast við stefnumótun og ákvarðanatöku.

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Ingi Jóhannsson', written in a cursive style.

Sigurður Ingi Jóhannsson